



Alþingi

Erindi nr. 5 117/1606

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Könnuálagur

26/1 1994

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Nefndadeild skrifstofu Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa
Þórshamri, Templarasundi

GARÐASTRÆTI 41 SÍMI 62 3000
Garðastræti 41 Tel. 354-1-62 3000 - Fax. 354-1-26421
PÓSTHÓLF 514 121 REYKJAVÍK ÍSLAND
P.O. Box 514 121 Reykjavík Iceland

150 REYKJAVÍK

THV. YDAR
Your ref.

BRÉF YDAR
Your letter

THV. VOR
Our ref.

DAGIS
Date

HS/sj

Rvk. 25.1.1994.

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til handa héraðsdómara að kveða upp úrskurð um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á EES samningnum. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Félagsdómur geti með sama hætti leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar.

Fallast má á það sjónarmið að vegna samræmis sé eðlilegt að Félagsdómur hafi sömu heimildir og Héraðsdómur að þessu leyti. Á móti kemur hins vegar hið sérstaka eðli Félagsdóms, að geta tekið mjög hratt á málum þannig að hægt sé að fá endanlegan dóm á örfáum dögum. Má þar svo dæmi sé tekið benda á nýgengna dóma Félagsdóms vegna verkfallsboðana sjómanna og vagnstjóra. Í þeim málum lá dómur fyrir viku eftir að mál var höfðað og áður en boðaðar vinnustöðvanir komu til framkvæmda. Hætt er við að þessi kostur geti tapast með þeirri heimild sem hér er lagt til að dómstóllinn fái til að leita álits EFTA dómstólsins. Slík umfjöllun mun óhjákvæmilega taka vikur eða mánuði og því tefja mál verulega.

Með vísan til þessa telur Vinnuveitendasambandið varhugavert að láta fyrrgreinda heimild einnig taka til Félagsdóms eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Nauðsynlegt sé a.m.k. að takmarka heimild dómsins til að leita álits EFTA-dómstólsins við það að sú ráðstöfun tefji ekki mál óhæfilega og að henni verði ekki beitt í málum þar sem miklu skiptir að fá hraða dómsúrlausn.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir.